

**Staðsetning heitavatnshola á Lýsuhóli í
Staðarsveit**

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-88-12

STAÐSETNING HEITAVATNSHOLA Á LÝSUHÓLI Í STAÐARSVEIT

Dagana 9. og 10. ágúst 1988 var jarðhitasvæðið á Lýsuhóli athugað vegna fyrirhugaðrar borunar eftir heitu vatni og til nánari könnunar á upptökum heita vatnsins. Athuganirnar sem gerðar voru nú voru viðbót við fyrri skýrslu Orkustofnunar um jarðhitasvæðið á Lýsuhóli (OS81004/JHD-01) frá apríl 1981. Viðbótarathuganirnar fólust í 1) kortlagningu gamalla hverastæða í hrúðurhellunni, 2) hitamælingum í laugum og 3) hitamælingum í borholum.


- 1) Hrúðurhellan er óslétt og misþykk auk þess sem hrúðrið er ósamfellt sunnan og suðaustan til svo sem sýnt er á korti í skýrslunni frá 1981. Af hólum í hrúðurbreiðunni má sjá hvar heitt vatn hefur fyrrum spröttið fram (mynd 1). Hæstu hrúðurhólarnir eru norðantil á hrúðursvæðinu (Laugarholt) og þar er hrúðrið þykkast. Langmest af því er runnið þaðan. Sunnar eru lágur hrúðurstrýtur að hluta til á röð frá VNV til ASA. Þar hefur verið minni uppgangur vatns og hrúðurhellan er þar greinilega þynnri.
- 2) Volgrur og laugar eru einkum tengdar ofannefndum tveimur hrúðurþyrpingum. Í þeirri nyrðri kemur volga vatnið fram undan hrúðurhellunni helst við jaðrana. Hæstur hiti þar mældist 38,8°C. Í syðri þyrpingunni kemur volga vatnið fram á sömu línu og hrúðurstrýturnar, raunar allar þær heitustu að meðtalinni Lýsuhólslaug sem er syðst á árbakka Lýsu. Volgt vatn kemur einnig upp til hliðar við hrúðurstrýturnar, þó aðeins sunnanvið, en þangað hallar landinu.

Þar gæti verið um að ræða afrennsli.

- 3) Tvær af borholunum voru hitamældar, hola 5 við Lýsuhólslaug og hola 7 í Laugarholti (mynd 2). Báðar holurnar eru nokkuð til hliðar við aðalhrúðursvæðið. Hola 5 í stökum hrúðurhól syðst á hrúðurstrýtu- og laugalínunni sem liggur um svæðið sunnanvert. Hola 7 er í hrúðurhól norðaustast í Laugarholti áföstum við aðalhrúðurhelluna að vestanverðu. Hitaferill í báðum holunum er viðsnúinn þ.e. þær kólna niður. Það bendir til láréttis aðstremmis að holunum. Hola 7 er töluvert heitari en hola 5 og því vafalaust nær aðaluppstreymissvæðinu.

Staðsetning borhola

Með hliðsjón af framangreindum niðurstöðum er talið líklegt að uppstreymi heita vatnsins sé tengt NV-SA-lægum sprungum. Aðaluppstreymið hefur verið í Laugarholti þar sem hrúðurhellan er hæst, en uppstreymið leitað til hliðar þegar hrúðurhellan þykknaði. Borhola var staðsett skammt suðaustanvið hæsta hrúðurhólinn. Æskilegt væri að bora hana niður í a.m.k. 150-200 m dýpi til að kanna vatnsæðar og fá upplýsingar um hita í vatnsæðum og í bergi. Ef borun á þessum stað skyldi verða árangurslaus og hitaferillinn viðsnúinn eins og í holum 5 og 7 yrði borun hætt og fært á annan stað í lauga- og hrúðurlínunni sunnar. Til álita kæmi einnig í því tilfalli að bíða með frekari boranir en viðnámsmæla heldur á svæðinu í þeim tilgangi að finna sprungur sem leiða heitt vatn.



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

YFIRBORÐSJARÐHITI OG BORHOLUR VIÐ
LÝSUHÓL STAÐARSVEIT

T-132

Snæfellsnes

F-17451

